



Augnablik á milli himins og jarðar

MYNDLIST

KARINA HANNEY



Ásmundarsafn

Ef lýsa ætti myrkva – Verk eftir Sirru Sigrúnu Sigurðardóttur og Ásmund Sveinsson ★★☆☆☆

Ásmundarsafn við Sigtún.
Sýningarstjóri: Ingibjörg Sigurjónsdóttir. Opið er alla daga kl. 10 til 17.

Þegar gróðurinn fer að taka við sér, grasið að vaxa og runnar og tré fara að skipta litum, þá má segja að fyrrverandi heimili Ásmundar Sveinssonar, Ásmundarsafn, sómi sér best. Með uppsprettu græna litarins ljómar þessi hvíta bygging enn frekar og stíleinkenni hennar skerpast í sólinni. Á meðan ég gekk að safninu í gegnum höggmyndagarðinn velti ég því fyrir mér hvort einhver verk sýningarinnar *Ef lýsa ætti myrkva* væru sýnileg utan frá, sem reyndist vera. Í bogadregnum gluggum Skemmunnar má sjá glitta í regnbogalitað verk listakonunnar Sirru Sigrúnar Sigurðardóttur, „Hvelfingu“ (2021), með skemmtilegum hætti.

Á undanförunum mánuðum hafa farið fram viðgerðir á Ásmundarsafni og þegar ég steig inn í safnið mátti enn finna málningarlykt í loftinu; hinn hvíti einkennislitur safnsins ljómaði sem aldrei fyrr að utan sem innan. Ásmundur Sveinsson var alþýðulistamaður í þeim skilningi að viðfangsefni hans sem og framsetning verkanna voru hugsuð fyrir almenning til að lesa og njóta. Ásmundur gekk meira að segja svo langt að segja að tilgangur listarinnar væri lítill ef þjóðin gæti ekki notið hennar. Þau verk hans sem valin hafa verið af listakonunni Sirru og sýningarstjóranum Ingibjörgu Sigurjónsdóttur gefa ágæta mynd af ferli listamannsins, hugrenningum hans og tilvistarlegum áherslum. Í mjög svo einfölduðu máli endurspeglar verk sýningarinnar annars vegar fyrri hluta ferils Ásmundar, til að



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Regnbogalitur Í bogadregnum gluggum Skemmunnar má sjá glitta í regnbogalitað verk Sirru, „Hvelfingu“.



Samtal Verk Sirru eiga í einlægu samtali við skúlptúrverk Ásmundar.

mynda með fígúratívum höggmyndum með einkennandi ávöllum línum og sterkri formgerð sem sýna litasnaudan en sterkan naíviskan stíl. Litlu er ofaukið í verkum

Ásmundar en augnablik viðfangsefnisins kemst vel til skila. „Veðurspámaðurinn“ (1935) og „Himinn og jörð“ (1935) sýna einmitt þessi efniseinkenni listamannsins ágæt-

lega. En það má einnig sjá nýrri verk Ásmundar á sýningunni, óhlutbundna málmskúlptúra sem eiga í ágætu samtali við skissur beggja, hans og Sirru, sem og önnur hennar verk þar og hugrenningatengsl. Það sem sameinar verk Ásmundar og Sirru Sigrúnar eru athuganir listamannanna á grunn-einingum mannlegrar tilveru, alls þess sem á sér stað á milli himins og jarðar. Þannig eiga verk Sirru í einlægu samtali við skúlptúrverk Ásmundar og ekki síst safnbygginguna sjálfa.

Samtalið gengur upp

Ef safnið er skoðað utan frá þá ber það mörg einkenni stjórnuathugunarstöðvar, má þá nefna Kúluhúsið svokallaða, bogadregnu gluggaríku Skemmuna, og flötu hálfþrúamídalaga þökin sem myndar í sjálfu sér ágæta útsýnispalla. Hugmynd Sirru að baki verkinu „Hvelfingu“ sem myndar þungamiðju sýningarinnar má rekja til

sólurs og rímar því ágætlega við þessar hugmyndir tengdar himingeiminum. Sólur þetta er þó einstakt og gefur ekki hugmynd um nákvæma tímasetningu sólarhringsins heldur myndar litaskin verksins áminningu um að njóta augnabliksins eins og það kemur fyrir í þessum töluðum orðum. Í víðu samhengi eru verk Sirru á sýningunni undir áhrifum hugmyndalistar en eru þó aðgengileg, gáskafull og tengja hvíta rýmið lit og mjúkum ljóma. Að mörgu leyti gengur samtali þessara tveggja listamanna vel upp, einmitt vegna þess að vísun Ásmundar til naívisma og ekki síst natúralisma passar vel við litanotkun og viðfangsefni Sirru. En í verkum sínum hefur Sirra ýmist skoðað ljós, skugga og samspil lita sem og hreyfingu mannsins og viðbrögð hans við eigin umhverfi, bæði manngerðu og náttúrulegu. Hvort sem lítið er til hinna gegnsæju litríku plexiglers-stöpla, sem verk Ásmundar eru á, eða litaskinsins sem endurkastast í gegnum rúður safnsins á nærliggjandi vegg má segja að litaskin verksins „Hvelfingu“ verði hvatning til að skerpa á eftirtektinni og njóta augnabliksins meðan birtan varir.

Hugrenningar Sirru um formnotkun Ásmundar, og sameiginlegur áhugi þeirra á forna Ólympíuleikvanginum í Apenu, eru skemmtilega fram settar þó svo á stundum renni hugmyndaheimur þessara tveggja listamanna saman. Þessi samsuða kemur þó ekki að sök enda þekkjá hugmyndaheimar í sjálfu sér hvorki tíma né rúm. Sýningin er natúralísk og sýnir rannsóknarvettvang tveggja ólíkra listamanna sem starfa með um hundrað ára millibili. Hvoru í sínu lagi er þeim Ásmundi og Sirru tilvist mannsins hugleikin, smæð hans og tengsl við bæði menn og náttúru. Þau eru mörg augnablikin á milli himins og jarðar sem gefa má gaum; 20. maí var afmælisdagur Ásmundar, 26. maí var tunglmyrkvi og á tímabilinu 13. maí til 3. október stendur sýning þeirra Ásmundar og Sirru yfir. Augnablik sem er þess virði að doka við og taka eftir.